



KENNARAMENNTUN Í ANDA SKÓLA ÁN AÐGREININGAR LYKILTILMÆLI VEGNA STEFNUMÓTUNAR

Inngangur

Þessu riti er ætlað að gefa yfirlit yfir niðurstöður og tillögur verkefnisins *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar* sem unnið var á vegum Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun í sérkennslu. Lögð er áhersla á hvernig tillögurnar sem þar eru settar fram kunna einnig að stuðla að framgangi annarra forgangsmála innan Evrópusambandsins og á alþjóðavísu.

Málefni sem varða kennaramenntun eru ofarlega á baugi í Evrópu og um heim allan, og starf kennara og þar með menntun þeirra skal stuðla að því að menntakerfi verði heildtækari en ella. Í *World Report on Disability* (WHO, 2011) var lögð áhersla á eftirfarandi atriði: „Mikilvægt er að almennir kennara fái viðeigandi fræðslu svo að þeir verði hæfir til að kenna börnum með ólíkar þarfir.“ Einnig er lögð áhersla á hve brýnt sé að sú fræðsla snúist um viðhorf og gildi en ekki einungis þekkingu og hæfni (bls. 222).

Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar – stefnan í Evrópu og á alþjóðavísu

Í þessu verkefni Evrópumíðstöðvarinnar er tekið mið af breytingum sem nýlega hafa átt sér stað á menntun kennara og námi án aðgreiningar í Evrópu og á alþjóðavísu. Í *niðurstöðum ráðsins varðandi félagslegan þátt menntunar og starfsþjálfunar* (Ráð Evrópusambandsins, 2010), er tekið fram að menntakerfin í Evrópulöndunum þurfi að tryggja bæði gæði og jafnræði, og staðfesta að aukinn námsárangur og grunnfærni allra nemenda skipti sköpum, ekki aðeins hvað varðar hagvöxt og samkeppnishæfni heldur dragi slíkt einnig úr fátækt og eflir félagslega aðlögun.

Með kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar – sem gerir kennara færa um að takast á við sífellt fjölbreyttari sérþarfir nemenda – er eftirfarandi stefnumálum fylgt eftir:

Tekist á við námserfiðleika: Samkvæmt þriðja markmiði rammaáætlunar um Evrópusamstarf á sviði náms og menntunar (ET 2020), „stuðla skal að réttlæti, félagslegri samheldni og virkri þátttöku í samfélaginu“, er í *niðurstöðum ráðsins frá 12. maí 2009 um rammaáætlun um Evrópusamstarf á sviði náms og menntunar* (Ráð Evrópusambandsins, 2009a) lögð áhersla á hve brýnt sé að takast á við námserfiðleika nemenda með því að veita yngstu börnunum góða menntun og markvissan stuðning, og með því að stuðla að námi án aðgreiningar. Skjót afskipti njóta stöðugt aukinnar viðurkenningar sem mikilvæg leið til að sigrast á hinum þrálátu félagslegu vandamálum sem erfast frá einni kynslóð til annarrar, og leið til að draga úr opinberum útgjöldum til framtíðar.

Tekist á við fátæktarvandamál: Í *niðurstöðum ráðsins um evrópskan vettvang gegn fátækt og félagslegri einangrun: Evrópuáætlun um félagslega samheldni og samheldni milli svæða* (Ráð Evrópusambandsins, 2011a) er þess einkum krafist að meiri áhersla sé lögð á að veita nemendum sem skera sig úr fjöldanum og eiga við erfiðleika að etja stuðning og tækifæri til náms, og bent er á að fatlað fólk eigi sérstaklega á hættu að þurfa að glíma við fátækt og félagslega einangrun.

Tekist á við brottfall úr skóla: Til að takast á við brottfall nemenda úr skóla þarf að beita ýmsum aðferðum, svo sem að veitt sé „annað tækifæri“ til náms og öflugt samstarf sé haft við aðstandendur og sveitarfélag, sem og að samræmi ríki milli menntageirans og starfsþjálfunar og annarra tengdra sviða, svo sem leikskólanáms, námskrár, kennaramenntunar og einstaklingsmiðaðs stuðnings, einkum fyrir fatlaða.



Stuðlað að auknum námsárangri og grunnfærni: Í niðurstöðum ráðsins um hlutverk menntunar og þjálfunar við innleiðingu „Europe 2020“-áætlunarinnar (Ráð Evrópusambandsins, 2011b) er lögð áhersla á mikilvægi menntunar og starfsþjálfunar ef ná skal markmiðum um hraðan og varanlegan hagvöxt öllum til handa með því að veita fólki þá færni og þekkingu sem evrópskt hagkerfi og samfélag þarfnast og stuðla að félagslegri samheldni og aðlögun.

Fyrirstöðum sem fatlaðir nemendur mæta rutt úr vegi: Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 2006, og valfrjáls bókun hans, hefur verið undirritaður og fullgiltur í fjölda landa sem og í Evrópusambandinu, og er vissulega breytingarafl. Í 24. grein samningsins er sérstaklega tekið fram að æskilegast sé að fötluð börn stundi nám í skólum án aðgreiningar, með því móti sé hindrunum rutt úr vegi og staðalmyndum ögrað.

Í samningnum kemur fram hve brýnt er að allir kennarar fái þjálfun í að kenna í skólum án aðgreiningar og lögð er áhersla á að endurskoða þurfi kennaranámið í samræmi við niðurstöður menntamálaráðuneyta á undanförunum árum (Ráð Evrópusambandsins, 2007, 2008, 2009b). Verkefnið um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar styður slíkar aðgerðir enn frekar.

Verkefni Evrópumiðstöðvarinnar: Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar¹

Árið 2009 hófst þriggja ára rannsókn Evrópumiðstöðvarinnar á því hvaða undirbúning verðandi kennarar fá í námi sínu til að takast á við starf í skólum án aðgreiningar. 55 sérfræðingar frá 25 löndum tóku þátt í verkefninu², m.a. stefnumótendur á sviði kennaramenntunar og náms án aðgreiningar, og fræðsluaðilar sem kenna bæði almennum kennurum og sérkennurum. Tillögur sem settar eru fram í verkefninu byggja á þeim atriðum sem þátttökulöndin eiga sameiginleg í starfi og stefnu á sviði kennaramenntunar, úttekt á stefnumótunar- og rannsóknarritum sem gerð var í tengslum við verkefnið og upplýsingum sem aflað var hjá ýmsum aðilum í fjórtán námsferðum. Auk yfirlitsskýrslunnar var einnig unnið að *Færnilýsingu fyrir kennara í skólum án aðgreiningar* þar sem sú færni sem krafist er af kennurum í skólum án aðgreiningar er skilgreind.

Niðurstöður og tillögur verkefnisins

Þróa þarf kennaramenntun enn frekar í öllum Evrópulöndunum ef kennarar eiga að geta komið til móts við sérþarfir ýmissa nemenda innan veggja skólastofunnar. Niðurstöður verkefnisins renna stoðum undir þau meginviðfangsefni sem lögð er áhersla á í stefnu Evrópulandanna og gefa skýrt til kynna að brýnt sé að:

- Þróa skilvirkari aðferðir við inntöku- og valferli;
- Endurskoða kennaramenntunina í heild sinni, þar á meðal almennt kennaranám, fyrstu starfsreynslu, leiðsögn og faglegan þroska;
- Efla starfsgreinina og tryggja gæði fræðsluaðila;
- Bæta stjórnunarhætti í skólum.

Niðurstöður verkefnisins leiða þó fyrst og fremst í ljós að auka þarf færni kennara og leggja meiri áherslu á fagleg gildi og viðhorf. Tilgreind voru fjögur grunn-gildi sem varða kennslu og nám og kennarar í skólum án aðgreiningar þurfa að tileinka sér:

¹ Nánari upplýsingar eru á slóðinni: <http://www.european-agency.org/agency-projects/teacher-education-for-inclusion>

² Austurríki, Belgíu (flæmsku- og og frönskumælandi hluta), Bretlandseyjum (Englandi, Norður-Írlandi, Skotlandi og Wales), Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Póllandi, Portúgal, Slóveníu, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Ungverjalandi, Tékklandi og Þýskalandi



Að virða fjölbreytileika meðal nemenda: líta ber á fjölbreytileika sem mannauð og menntunarauka;

Að veita öllum nemendum stuðning: kennarar vilja að allir nemendur nái góðum árangri;

Að geta unnið með öðrum: samstarf og teymisvinna er öllum kennurum mikilvæg;

Að proskast í starfi: kennsla er námsferli og kennurum ber að stunda símenntun.

Ýmsar tillögur eru byggðar á niðurstöðum verkefnisins. Þeim er beint til sérfræðinga á sviði kennaramenntunar og stefnumótenda sem setja þurfa fram heildstæðan stefnuramma til að þær víðtæku kerfisbreytingar, sem nauðsynlegar eru til að kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar verði að veruleika, nái fram að ganga.

Starfsráðningar og úthald í starfi: Kanna þarf hvernig standa má betur að inntöku nema í kennaranám og draga úr brottfalli, jafnframt því sem leitað skal leiða til að fá fleiri kennara með ólíkan bakgrunn og fatlaða einstaklinga til starfa.

Skilvirkni kennaranámsins sannreynd: Rannsaka þarf hvernig námi skal háttað til að kennslustarfið verði sem skilvirkast, hvernig áfangar eru skipulagðir og hvaða námsefni og kennsluáferðir gera verðandi kennara hæfasta til að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Fagmennska fræðsluáðila: Áfram þarf að byggja upp „starfsgrein“ fræðsluáðila og endurskoða ráðningar- og aðlögunarferli sem og framhaldsfræðslu. Starfslýsing fyrir fræðsluáðila innan kennaramenntastofnana og starfsfólks í skólum sem gegnir þessu starfi ætti að verða ítarlegri þegar aðilar með viðeigandi sérfræðipekkingu og færni eru ráðnir til starfa. Áfram þarf að vinna að því að þróa formlegt aðlögunarferli og leita leiða til að starfsfólk í háskólum fylgist stöðugt með því sem fram fer í skólunum.

Samstarf milli skóla og kennaramenntastofnana: Þar sem vettvangsnám er stór hluti allra námsáfangna þarf að ríkja fullkominn skilningur á fræðikenningum sem að baki liggja til að tryggja að kennslustarfið beinist ekki eingöngu að þeirri hæfni sem auðveldast er að fylgjast með og mæla. Gott samstarf þarf að vera á milli skóla og kennaramenntastofnana til að tryggja að æfingaskólar og staðir þar sem vettvangsnám fer fram séu til fyrirmyndar.

Víðtækar kerfisbreytingar: Kennaranámið er ekki einangrað fyrirbæri. Til að „allar kerfisbreytingar“ sem gera þarf vegna breytinga á náminu geti átt sér stað þurfa stefnumótandi aðilar úr öllum geirum samfélagsins og allir sem koma að menntamálum að veita þeim eindreginn stuðning og vera í forsvari. Áfram þarf að vinna að mótun þverfaglegar stefnu og þverfaglegu starfi á öllum stigum til að nám án aðgreiningar verði lykilatriði í samfélagi án aðgreiningar.

Hugtakanotkun þarf að vera skýr þegar fjallað er um nám án aðgreiningar og fjölbreytileika: Með því að flokka nemendur eftir getu er stuðlað að samanburði og stigskipan sem dregið getur úr væntingum og þar með námsárangri. Með stefnubreytingu skal stuðlað að því að allir kennarar og fagaðilar öðlist skilning á forsendum og mikilvægi þess að hugtök séu notuð á samræmdan hátt.

Frekari þróun stefnumála

Ljóst er að kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar er í mótun víða í Evrópu. Ýmis lykilatriði þarfnast þó frekari rannsókna ef almennt kennaranám á að gera alla kennara færa um að koma til móts við ólíkar sérþarfir nemenda í skólum án aðgreiningar. Ef litið er til forgangsröðunar á Evrópuvísu og niðurstaðna verkefnisins er ljóst hve miklum ávinningi frekari áhersla á þessu sviði mun skila. Einkum skal beina sjónum að eftirfarandi fjórum þáttum í starfsháttum og stefnumótun til framtíðar:



Hafa skal samrunamódelið til hliðsjónar í námsáföngum: nám án aðgreiningar og fjölbreytileiki er órjúfanlegur hluti af viðfangsefnum í áföngum sem allir kennaranemar þurfa að ljúka – burtséð frá því hvaða aldri eða hvaða faggrein þeir munu kenna.

Framhaldsfræðsla um málefni sem tengjast fjölbreytileika skal standa öllum kennurum og skólastjórnendum til boða: að námi loknu og að fenginni ýmiss konar reynslu ættu kennarar að geta sérhæft sig á tilteknum sviðum á starfsævi sinni.

Öllum fræðsluaðilum stendur til boða fræðsla um málefni sem tengjast fjölbreytileika: Ráða ætti fleiri fræðsluaðila til starfa sem hafa þekkingu og reynslu af skólum án aðgreiningar. Öllum fræðsluaðilum ætti að standa til boða að taka þátt í rannsóknar- og þróunarstarfi þannig að samstarf milli háskóladeilda eflist og stuðlað sé að því að innan stofnana sé brugðist við fjölbreytileika á samræmdan hátt.

Gögnum um starfsráðningar og úthald kennara í starfi er safnað, einkum gögnum um kennara sem eru fulltrúar minnihlutahópa: Greina ætti slík gögn og nota við stefnumótandi ákvarðanatök til að tryggja að allir hópar samfélagsins eigi fulltrúa innan kennarastéttarinnar.

Niðurstöður

Aukin áhersla á nám án aðgreiningar og forgangsmál sem því tengjast, svo sem félagslegt réttlæti og samheldni, eru langtímaávinningur, og svo virðist að með því að fjárfesta í menntun yngstu barnanna og vinna að námi án aðgreiningar sé fjármunum best varið.

Til að réttlátara menntakerfi geti orðið að veruleika þurfa kennarar að búa yfir hæfni til að mæta ýmsum sérþörfum og vonir standa til að þessi verkefnisvinna Evrópumíðstöðvarinnar gefi einhverjar hugmyndir og innblástur svo að áfram verði unnið að því að allir nemendur hljóti góða menntun.

Heimildir

Ráð Evrópusambandsins (2007). *Conclusions of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States, meeting within the Council, on improving the quality of teacher education* (Stjórnartíðindi EB, C300, 12.12.2007).

Ráð Evrópusambandsins (2008). *Conclusions of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States, meeting within the Council of 21 November 2008 on preparing young people for the 21st century: an agenda for European cooperation on schools* (OJ 2008/C 319/08).

Ráð Evrópusambandsins (2009a). *Council conclusions of 12 May 2009 on a strategic framework for European cooperation in education and training ('ET 2020')* (2009/C 119/02).

Ráð Evrópusambandsins (2009b). *Conclusions of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States, meeting within the Council of 26 November 2009 on the professional development of teachers and school leaders* (OJ 2009/C 000/09).

Ráð Evrópusambandsins (2010). *Council conclusions on the social dimension of education and training. 3013th Education, Youth and Culture meeting*, Brussel, 11. maí 2010.

Ráð Evrópusambandsins (2011a). *Council Conclusions on the European Platform against Poverty and Social Exclusion: A European framework for social and territorial cohesion. 3073th Employment, social policy, health and consumer affairs Council meeting*, Brussel, 7. mars 2011.

Ráð Evrópusambandsins (2011b). *Council conclusions on the role of education and training in the implementation of the 'Europe 2020' strategy* (2011/C 70/01).

Sameinuðu þjóðirnar (2006). *Convention on the Rights of Persons with Disabilities*, New York: United Nations. Rafrænar heimildir á netslóðinni: <http://www.un.org/disabilities/convention/conventionfull.shtml>

WHO (2011). *World Report on Disability*. Genf, Sviss, WHO